

11.nóvember 2024

STJÓRNARFUNDUR FORELDRAFÉLAGS FLATASKÓLA

Þriðji fundur vetrarins var haldinn 11.nóvember kl. 19.30 og fór hann fram í Flataskóla.

Mæting:

Agnes Eva Sch. Gísladóttir(formaður), Kristín Þóra Jónsdóttir, Ríkki Ríkarðsson, Hanna Sumarliðadóttir(gjaldkeri) og Anna María Björnsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

Efni fundarins

SKIPULAG BINGÓ

Ákveðið var að hafa tvö bingó kvöld til að tryggja það sé nóg pláss fyrir fjöldann. 18, 19 og 20 mars koma til greina og er salurinn í Flataskóla laus þá daga samkv. Hönnu Skólastjóra.

Við viljum leggja áherslu á að þetta sé fjölskylduskemmtun, fá foreldra og ömmur og afa til að koma með.

Dagsetning verður staðfest á næsta fundi í janúar.

Ákveðið að hafa sama verð á bingóspjöldum (500kr) pizzusneið (500 kr), djús (200kr) sódavatn (300 kr.).

FRÆÐSLUKVÖLD

Framundan er fræðslukvöld fyrir foreldra og börn um notkun snjallsíma. Hanna skólastjóri hefur pantað þessa fræðslu fyrir 5.-7.bekk foreldrar og börn og mun foreldrafélagið greiða fyrir það.

Skoða önnur fræðslukvöld um samfélagsmiðla og símanotkun eftir að þau fræðslukvöld sem framundan eru eru búin.

Næsti stjórnarfundur: þriðjudaginn 14.janúar kl 2025

Fundi slitið: 20:55.